



Selfossi 29.apríl 2022

Fundargerð stjórnar

23. fundur stjórnar Brunavarna Árnessýslu haldinn föstudaginn 29.apríl 2022, kl. 13.00 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mætt: Eyþór H. Ólafsson, formaður, Árni Eiríksson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Ingibjörg Harðardóttir, Pétur Pétursson, Lárus Kristinn Guðmundsson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð. Gestur fundarins var Auðunn Guðjónsson frá KPMG.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.00.

1. Undirritun kaupsamnings vegna nýrrar dælubifreiðar

Pétur sagði frá því að hann undirritaði kaupsamning vegna nýrrar dælubifreiðar þann 23.apríl s.l. á aðalfundi félags slökkviliðsstjóra sem fram fór á Húsavík.

2. Samkomulag um greiðslur vegna boðtækja

Pétur sagði frá því að samkomulag hefði verið gert við starfsmenn Brunavarna Árnessýslu um greiðslur vegna boðtækja. Samkomulagið er gert með vísan í grein 1.3.2.1 í kjarasamningi Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og gildir meðan kjarasamningurinn er í gildi.

3. Slökkvistöðvamál á Flúðum og Laugarvatni

Pétur sagði frá stöðu slökkvistöðvamála á Flúðum og Laugarvatni.

4. Samstarf við lögreglu vegna gróðurelda

Pétur sagði frá því að Brunavarnir Árnessýslu hafa sett gróðureldabúnað í þrjá lögreglubíla og þjálfað lögreglumenn í notkun búnaðarins. Er það gert vegna þess að lögreglan er oft fyrst á vettvang og hefur þá búnað til að bregðast við gróðureldum þar til slökkviliðið kemur á staðinn.

5. Útkallstölfraði ársins 2022

Pétur kynnti útkallstölfraði ársins 2022 og birti kort með tölfraðiupplýsingum. Fjöldi vettvanga voru 222, útköll á stöðvar voru 256. Boðuð tæki á vettvang voru 403 og 1078 slökkviliðsmenn fóru í útköllin.

6. **Útköll um áramót**

Pétur sýndi kort með upplýsingum um útköll um síðustu áramót þegar Brunavarnir Árnassýslu voru boðaðar í eld á 49 vettvöngum víðsvegar um sýsluna.

7. **Ársreikningur 2021**

Auðunn lagði fram ársreikning Brunavarna Árnassýslu fyrir árið 2021 og fór yfir helstu tölur. Umræður. Stjórn samþykkir ársreikning 2021.

Fleira ekki gert.
Fundu slitið kl. 14:30